



## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-00811/AIG-06**

Dags: **4. mars 2011**

Staður: **Nuuk, Grænlandi**

Lýsing: **Brotlenti í hliðarvindslandingu**

Við landingu á flugbraut 23 á flugvellingum í Nuuk í Grænlandi lenti flugvél TF-JMB (DHC-8) harkalega á hægra aðalhjólum með þeim afleiðingum að hjólabúnaðurinn gaf sig. Flugvélin rann út af flugbrautinni til hægri og upp í urð þar sem nefhjólabúnaður gaf sig einnig. Rannsóknarnefnd flugslysa í Danmörku fór með rannsókn á flugslysinu, en Rannsóknarnefnd flugslysa á Íslandi skipaði fulltrúa við rannsóknina og fór meðal annars á vettvang.

Rannsóknarnefnd flugslysa í Danmörku hefur gefið út skýrslu um flugslysið og má finna hana á vef RNSA, undir slysa- og atvikaskýrslur.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 24. október 2013.